



Svalbarðsstrandarhreppur auglýsir laus störf við Valsárskóla og Álfaborg fyrir næsta skólaár

Skólarnir eru á Svalbarðsströnd við austanverðan Eyjafjörð, í 12 km fjarlægð frá Akureyri. Í Valsárskóla eru tæplega 50 nemendur og í Álfaborg eru 35 nemendur. Þar vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, umhyggju, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum. Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans, <https://skolar.svalbardsstrond.is/>

Við leitum að jákvæðum og samvissusömum einstaklingum sem eru skapandi og sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi, eru tilbúnir að vinna með öðrum og eru nemendum góð fyrirmynd. Starfsmaður vinnur samkvæmt lögum og reglugerðum og skólastefnu Álfaborgar/Valsárskóla og skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps.

1. Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir kennara í 100% starfshlutfall.

Næsti yfirmaður er skólastjóri leikskóla.

MENNTUN OG HÆFNI:

- Kennararéttindi eða önnur uppeldismenntun áskilinn
- Kennslureynsla úr leikskóla æskileg en ekki skilyrði
- Íslenskukunnátta
- Kunnátta í pólsku er afar mikill kostur

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna með velferð þeirra að leiðarljósi
- Tekur þátt í faglegri skipulagningu og mati á skólastarfi á jafningjagrunni
- Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna með áherslu á tvítyngdar fjölskyldur

2. Valsárskóli og Álfaborg auglýsa eftir matráði í 100% starfshlutfall.

Matráður starfar í eldhúsi Valsárskóla sem sér um máliðir fyrir starfsfólk og nemendur grunn- og leikskóla. Næsti yfirmaður er skólastjórinn.

MENNTUN OG HÆFNI:

- Námi matartækni og/eða matreiðslu er mikill kostur
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Íslenskukunnátta
- Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Umsjón með mötuneyti skólanna í samráði við skólastjórinn
- Umsjón með innkaupum og gerð matseðla
- Dagleg matargerð sem tekur mið af ráðleggingum um mataræði sem embætti landlæknis gefur út

Kaup og kjör auglýstra starfa fara eftir samningum launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl 2021. Rafræna umsókn vegna starfa í skólunum skal senda á skólastjórinn á netföngin: maria@svalbardsstrond.is og maggajensa@svalbardsstrond.is Ofangreindir gefa jafnframt nánari upplýsingar um störfin.

Umsókn skal fylgja upplýsingar um fyrri störf, kynningarbréf, menntun, ferilsskrá og leyfisbréf (ef við á). Áskilinn er réttur til að hafna öllum umsækjendum.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps hvetjum við karla jafnt sem konur til að sækja um störfin. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2021 en umsejanlegt er að hefja störf fyrr.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.svalbardsstrond.is